

Fundargerð

41. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 17. janúar 2014 kl. 13:30 að Borgartúni 12 – 14.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason og Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Margrét Júlía Rafnsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Gunnarsson

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

Sigurbjörn Hjaltason

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. Nýtt svæðisskipulag, val á sviðsmynd til útfærslu

Framhald af síðasta fundi en framkvæmdanefnd og fagráð svæðisskipulagsnefndar fóru yfir málið á sameiginlegum fundi þann 10. janúar. Svæðisskipulagsnefnd samþykkti samhljóða að ljúka 2. verkefnisáfangi, sviðsmyndagreiningu, með samhljóða bókun.

Höfuðborgarsvæðið er eitt búsetu- og atvinnusvæði og íbúar þess nýta sameiginlega útviðstærsvæði, auðlindir og náttúru þess og gott samstarf er á ýmsum sviðum þjónustu. Það er mikilvægt að gott samstarf sé einnig um framtíðar byggðaþróun þar sem sett er fram sameiginleg meginstefna sem leitt getur til aukinnar hagkvæmni, betri samgangna og sjálfbærni.

Niðurstæða umhverfismats, kostnaðar- og ábatagreiningar og íbúafundar hvetja sveitarfélögin til að beina vexti í auknum mæli inná við. Svæðisskipulagsnefnd telur þó að víkja geti þurft frá viðmiðum sviðsmynda B um vöxt út fyrir núverandi byggðarmörk þannig að tekið sé tillit til fyrirbyggjandi áætlana sveitarfélaga. Við móttöku nýrrar svæðisskipulagstillögu verða dregin skýr ytri vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins. Í þeirri vinnu er mikilvægt að styrkja sveitarfélögin til að fólstra sín sérkenni á sama tíma og unnið er að heildstæðri tengingu þeirra með samgöngu- og þróunarárs.

Svæðisskipulagsnefnd leggur áherslu á að fyrirsjáanlegri fólksfjölgun verði mætt án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli. Til að ná því marki samþykkir svæðisskipulagsnefnd að við útfærslu tillögu að nýju svæðisskipulagi verði lögð sérstök áhersla á uppbyggingu samgöngu- og þróunarárs sem tengi sveitarfélögin saman meðfram nýju almenningsamgöngukerfi og þá megin sýn að uppbygging til ársins 2040 verði innan ytri vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Við afgreiðslu málsins óskuðu fulltrúar Seltjarnarness að bóka eftirfarandi:

Fulltrúar Seltjarnarness leggja áherslu á að ekki verði þrengt frekar að bílaumferð fyrr en áformuð efling almenningsamgangna hefur átt sér stað.

2. Kjör á fulltrúa Seltjarnarness í framkvæmdanefnd svæðisskipulagsnefndar

Bjarni Torfi Álfþórsson tekur sæti Ólafs Egilsson sem fulltrúi Seltjarnarness í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstaða:

Ólafi Egilssyni eru þökkuð góð störf í þágu svæðisskipulagsnefndar. Bjarni Torfi Álfþórsson verður fulltrúi Seltjarnarness í framkvæmdanefnd svæðisskipulagsnefndar.

3. Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, staða verkefnisins.

Hrafnkell fór yfir stöðu verkefnisins og lagði fram verkefnisáætlun fyrir 3. verkáfanga sem miðar að því að kynna tillögu á vinnslustigi í mars.

Fundargerð samþykkt, fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.